

Hvað hefur ÞÚ að segja um

MANNRÉTTINDI

OG FRIÐ?



Félag Sameinuðu þjóðanna
UNA ICELAND

Félag Sameinuðu þjóðanna fagnar 75 ára afmæli á árinu og efnir af því tilefni til samkeppni á meðal ungs fólks í 8. – 10. bekk í grunnskólum og í framhaldsskólum um mikilvægi heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna í tengslum við mannréttindi og frið í heiminum.

Með tilkomu heimsmarkmiðanna varð til sáttmáli, samþykktur af öllum aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna, um það hvernig stuðla megi að réttlátara og sjálfbærara samfélagi.

Markmiðin, sem eru 17 talsins, fjalla um þær ólíku en samtengdu áskoranir sem blasa við heiminum í dag og hvernig hægt er að bregðast við með friði, farsæld og samvinnu allra að leiðarljósi.

Þrátt fyrir að ýmsu hafi verið áorkað er ljóst að vaxandi átök í heiminum í dag beina sjónum okkar enn á ný að því hversu mikilvæg baráttan fyrir mannréttindum og friði er og verður um ókomna tíð.

Við viljum heyra hvað þér finnst um heimsmarkmiðin og með hvaða hætti þau stuðla að mannréttindum og friði í heiminum. Það er til mikils að vinna.

Endilega taktu þátt!

VINNUR ÞÚ FERÐ MEÐ ICELANDAIR TIL

New York?

Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi ásamt Icelandair leitar eftir hugmyndum ungs fólks um það með hvaða hætti heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna stuðla að mannréttindum og friði í heiminum.

Tillögur á öllum tungumálum eru velkomnar. Hugmyndum má skila í mynd- og/eða ritmáli. Texti má vera vélritaður eða handskrifaður, lágmarks orðafjöldi er 200 orð. Verkið getur þannig t.d. verið skoðanagrein, pistill, örsaga, prósaljóð, myndaritgerð, myndskýrsla eða myndasaga.

Litið verður sérstaklega til þess að verkefnin endurspegli persónulega sýn þátttakenda. Innsendingarform: PDF, JPEG eða PNG.

Öllum tillögum skal skila inn rafrænt á netfangið felag@un.is ásamt upplýsingum um nafn, skóla, aldur, netfang og símanúmer. Skilafrestur er til og með 31. desember 2023.

**Tilkynnt verður um sigurvegara um miðjan janúar 2024.*

AÐALVERÐLAUN

Tveir verðlaunahafar vinna flug og gistingu með Icelandair í New York ásamt forráðamanni, kynnst starfsemi fastanefndar Íslands og heimsækja höfuðstöðvar Sameinuðu þjóðanna.

FLEIRI VINNINGAR

Veglegar bókaþjafir frá Angústúru, Bose flex hátalari frá Origo, leikhúsmiðar í Borgarleikhúsið, áskriftir hjá Storytel.

DÓMNEFND

Eliza Reid, forsetafrú, verndari Félags Sp og formaður dómnefndar

Eva Harðardóttir, formaður Félags Sp

Rán Flygenring, mynd- og rithöfundur

Ómar Azfar Valgerðarson Chattha, fulltrúi barna- og ungmennaráðs heimsmarkmiða Sp

Guðni Sigurðsson, upplýsingafultrúi Icelandair

